



sart

SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í RAF- OG TÖLVUIÐNAÐI

Federation of Icelandic Electrical and Computer Employers

Borgartúni 35 · 105 Reykjavík · Iceland · Tel. +354 591 0150 · Fax +354 591 0155 · E-mail: sart@sart.is · www.sart.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 135/3094
komudagur 11. 8. 2008*

Reykjavík 11. ágúst 2008

Efni: Umsögn um drög að nefndaráliti um frv. til laga um mannvirki, 375. mál

SART - Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði þakka fyrir að fá að koma með ábendingar um drög að nefndaráliti á þessu stigi máls.

1.

Vísað er til breytinga á 2. gr. laganna þar sem lagt er til að lögin nái ekki til eftirlits með lyftum og lyftubúnaði. SART leggur ríka áherslu á að þessi málaflokkur verði ekki undanskilinn þar sem að lyftur eru hluti af föstum búnaði bygginga. Með því að kljúfa þennan málaflokk frá er verið að ganga gegn tilgangi laganna um aukið hagræði. SART leggur því áherslu á að málaflokkurinn í heild sinni verði falinn einni stofnun, Byggingarstofnun.

2.

Varðandi umfjöllun nefndarinnar um 4. tölul. 5. gr. frumvarpsins, þá vill SART leggja áherslu á fyrri ábendingar sínar varðandi eftirlit með rafföngum. Það er að mati samtakanna óskiljanleg fyrirætlan að leggja til að eftirliti með rafföngum verði skipt upp á milli tveggja stofnanna, þ.e.a.s. Neytendastofu og Byggingarstofnunar, í því felst mikið óhagræði bæði fjárhagslega og tæknilega. Óeðlilegt verður að teljast að Neytendastofa hafi tekjur af markaðseftirliti raffanga langt umfram þörf og auglýnilegt óhagræði felst í því að byggja upp tækni þekkingu á tveimur stöðum.

3.

Að öðru leyti styðja samtökin efni frumvarpsins í meginatriðum.

Virðingarfyllst,

F.h. SART – Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

Ásbjörn R. Jóhannesson, framkvæmdastjóri